

1. Almenn:

Benchmark Genetics Iceland hf. (áður: Stofnfiskur hf., kt. 620391-1079), Bæjarhrauni 14, 220 Hafnarfirði, hafa verið með 20 tonna rekstrarleyfi (FE-1079/IS-36070) fyrir seiðældi á laxi í landeldisstöð sinni að Mógilsárvegi 37B í Kollafirði. Fyrirtækið sótti um endurnýjun á rekstrarleyfi þann 4. nóvember 2020.

Fiskeldisstöðin er staðsett að Mógilsárvegi 37B í Kollafirði með frárennsli í settjörn og þaðan í sjó í Kollafjörð. Í rekstrarleyfum fiskeldisstöðva á landi er skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur. Búnaður fiskeldisstöðvarinnar er þannig að öll ker eru með ristar og einnig er tvöfalt sigti í affalli.

Matvælastofnun staðfestir að móttækin eru þau gögn sem stofnunin óskaði eftir vegna endurnýjunar rekstrarleyfis Benchmark Genetics Iceland hf. að Mógilsárvegi 37B, Kollafirði skv. 14. gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi og staðfestir að þau teljist fullnægjandi. Matvælastofnun auglýsti tillögu að rekstrarleyfi á tímabilinu 22. febrúar til 22. mars 2021 og engar athugasemdir bárust vegna tillögunnar. Matvælastofnun hefur farið yfir og kynnt sér framkvæmdina og telur framangreind gögn lögmætan grundvöll til endurnýjunar rekstrarleyfis.

Matvælastofnun hefur í samræmi við 3. mgr. 7. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi endurmetið hvort fyrirtækið uppfylli kröfur laga um heilbrigði dýra og afurðir, auk krafna um velferð og staðfestir að svo sé.

2. Gildistaka

Matvælastofnun hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu rekstrarleyfis til Benchmark Genetics Iceland í Kollafirði. Rekstrarleyfið heimilar hámarkslífmassa 20 tonn til seiðældis á laxi að Mógilsárvegi 37B í Kollafirði.

Rekstrarleyfið byggir á skilyrðum laga um fiskeldi og reglugerðar um fiskeldi.

Rekstrarleyfi tekur gildi þegar Matvælastofnun hefur gert úttekt á fiskeldisstöð. Markmið úttektar er að staðreyna eftir föngum að rekstrarleyfishafi sé fær um að fullnægja skilyrðum laga þessara og skilmálum rekstrarleyfis. Starfsleyfi Umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar er í gildi og rennur út 15. september 2021. Rekstrarleyfið gildir til 12. maí 2037.

Þegar rekstrarleyfið tekur gildi (FE-1172) kemur það í stað rekstrarleyfis Benchmark Genetics Iceland að Mógilsárvegi 37B í Kollafirði, til 20 tonna seiðældis á laxi (FE-1079/IS-36070)

Selfossi, 12. maí 2021